

detta *so sb-3 – drekka*
[datt, duttum, dottið]

– bollinn datt á gólfið

‡

langt *ao*

– það er langt síðan að ég sá hann

‡ • langur, endilangur, lengi, lengd

líta *so sb-1 – grípa*
[leit, litum, litið]

– hann leit ekki á mig

‡ • álíta

vel *ao*
[betur, best]

– mér gengur vel í skólanum

‡ • jafnvel, velkominn, góður « illa

losn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– skráfan hefur losnað

‡ • losa, laus

handa *fs – þgf*

– þetta er handa þér

‡ • hönd, henda, afhenda

samband *hk – hús Ö*
[-s, sambönd]

– ég hef samband við þig!
– settu ryksuguna í samband!

‡ • saman, band

fá-r *lo – gulur*
[-, -tt; færri, fæstur]

– það voru fáir mættir

‡ • örfár, fáeinir, fátækur « margur

straum-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– það er mikill straumur í ánni

‡ straumr • streyma

atriði *hk – hús*
[-s, -]

– þetta er mikilvægt atriði

• smáatriði » atburður

sjónvarp *hk – hús Ö*
[-s, sjónvörp]

– er eitthvað í sjónvarpinu?

‡ • sjón, sjá; útvarp, varpa; sýn, sýna, útsýni

vand-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– það er enginn vandi að finna þetta

‡ • vandlega; vanur, vandamál, vandræði

til-laga *kv – stofa Ö*
[-lögu, – lögur; [ef.ft] tillagna]

– eru fleiri með tillögur?

‡/tillag • til, lag, laga

hljóð-ur *lo – gulur*
[-, hljótt; -ari, -astur]

– það er svo hljótt hérna

‡ hljóðr • hljóða, hljóð, hljóðfæri

uppgötv-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég var að uppgötva nýja búð

‡ • upp

klipp-a *so vb-i – heyra*
[-ti]

– varstu að láta klippa þig?

‡